

POL- Samfélagsleg ábyrgð

Tilgangur og markmið

Með stefnu um samfélagsleg ábyrgð leggur Borgun áherslu á að störf félagsins séu samfélaginu og hagaðilum þess til góða. Fylgni við stefnu þessa er mikilvægur þáttur í að tryggja að svo sé. Stefan nær ekki til krafna sem félaginu er samkvæmt lögum eða samningum skylt að uppfylla heldur eru í henni skilgreindar kröfur sem félagið gerir til sjálfs sín umfram það sem því er skylt.

Umfang

Stefnan nær til helstu hagaðila Borgunar sem eru viðskiptavinir, starfsfólk, samstarfaðilar, hluthafar, birgjar og þau samfélög þar sem þjónusta Borgunar er veitt.

Stefna

Stefna Borgunar um samfélagslega ábyrgð lítur til þess hvaða áhrif starfsemin almennt hefur á hagaðila, umhverfið og hverjir eru helstu snertifletir starfseminnar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Borgun hefur með hliðsjón af þessu ákveðið að leggja áherslu á 3 af 17 heimsmarkmiðum:

Heimsmarkmið nr. 3 - Heilsa og vellíðan

Það er markmið Borgunar að fyrirtækið verði fyrsta val hæfra einstaklinga þar sem starfsfólk hafi tækifæri til að þróast og eflast. Þetta gerum við með því að:

- Hvetja starfsmenn til að gera hreyfingu að þætti í daglegu lífi s.s. með því að bjóða líkamsræktarstyrki og samgöngustyrki.
- Bjóða upp á góðan og næringarríkan mat í mötuneyti félagsins.
- Setja stefnu um aðlögun vinnu og einkalífs.

Heimsmarkmið nr. 5 - Jafnrétti kynjanna

Það er markmið Borgunar að stuðla að jöfnum tækifærum karla og kvenna innan félagsins. Þetta gerum við með því að:

- Tryggja virka þátttöku kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku.
- Veita öllum starfsmönnum, jafnt konum sem körlum, umboð til athafna og þar með tækifæri til að sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Greiða sambærilega laun fyrir sambærileg störf.
- Skapa umhverfi sem stuðlar að því að bæði kynin sækji jafnt sí- og endurmenntun.
- Skapa umhverfi sem hvetur karla jafnt sem konur að nýta sér rétt til fæðingarorlofs.
- Stefna um aðlögun vinnu og einkalífs byggi á jöfnu framlagi karla og kvenna til heimilis.

Heimsmarkmið nr. 12 - Ábyrg neysla og framleiðsla

Það er markmið Borgunar að félagið leiti allra leiða til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum starfsemi félagsins. Þetta gerum við með því að:

- Draga úr kolefnislosun vegna ferðalaga innanlands og utan sem og vegna innkaupa á aðföngum eins og frekast er unnt.
- Takmarka mengun vegna úrgangs með því að:
 - o Útrýma allri óþarfa neyslu
 - o Takmarka s.s. hægt er kaup á einnota hlutum eða hlutum með stuttan líftíma
 - o Flokka og endurnýta það sem hægt er
 - o Velja birgja m.a. með tilliti til vistspors þeirra
- Ráðast í mótvægisáðgerðir s.s. kolefnisjöfnun vegna neikvæðra umhverfisáhrifa af starfseminni.